



## Umsögn Landvarðafélags Íslands um áherslur nefndar Miðhálandisþjóðgarðs um lagafrumvarp og umfjöllum um fjármagn.

Stjórn Landvarðafélags Íslands lýsir enn og aftur yfir ánægju sinni á fyrirhugaðri stofnun Miðhálandisþjóðgarðs. En vill á sama tíma skerpa á nokkrum atriðum sem við kemur landvörslu innan þjóðgarðsins.

Öll uppbygging innan þjóðgarðs þarf að taka mið af starfsemi landvarða. Landverðir eru fjölmennasti hópur þeirra sem búa innan marka þjóðgarðsins. Þeirra starf, starfsumhverfi og búsetuskilyrði eiga því að vera höfð sem forgangsatríði í allri uppbyggingu innan þjóðgarðs.

Stjórn Landvarðafélags Íslands vill undirstrika eins og kemur fram í nefndinni að auka þarf fjármagn til landvörslu jafnvel þó fjármagn hafi aukist seinustu ár. Eins og staðan er í dag eru svæði innan þjóðgarða og friðlýstra svæða enn undir fjármögnuð. Á sama tíma vill stjórn Landvarðafélagsins benda á að landvörslustörf eru staðbundin störf sem hafa jákvæð áhrif á atvinnutækifæri í nærsamfélögum miðhálandisþjóðgarðs.

Stjórn tekur einnig undir að grunnrekstur þjóðgarðs á miðhálandi Íslands verði að byggjast á rekstrarframlagi úr ríkissjóði og stofnunin verður að hafa nægilegt fjármagn. Stjórn vill benda á tekjuleið Noregs á Svalbarða en þar greiða allir ferðmenn 150 NOK eða um 2.000 ISK í svokallaðan náttúrusjóð (Svalbard Environmental Protection Fund). Gjaldið er lagt ofan á alla sem koma til Svalbarða með flugi eða skipi og nýtist fjármagnið í náttúruvernd með því að auka fræðslu og upplýsingar, náttúruvernd og rannsóknir á ferðamennsku og náttúruverndarsvæðum. Slíkt gjald væri auðvelt að taka upp á okkar eyju og gjaldið geta svo íbúar Svalbarða fengið endurgreitt. Slík leið gæti tryggt nægilegar tekjur til að tryggja rekstur þjóðgarðsins og minnkað þrýsting á sértekjur t.d. í formi bílastæðagjalda eða salernisgjalda sem getur sett rekstarsvæði sem ekki fá mikinn fjölda ferðamanna í erfiða stöðu. Einnig gæti þessi leið aukið jákvæða upplifun erlendra og innlendra gesta. Þrýstingur á sértekjur þjóðgarða og náttúruverndarsvæða getur einnig haft neikvæð áhrif á náttúruvernd þar sem slíkt hefur mikil áhrif á rekstur og skipulag þjóðgarða, krefst sérstakra innviða, utanumhalds, starfsfólks og t.d. stækkun bílastæða. Hagræn áhrif þjóðgarða eru vel þekkt eins og nefndin nefnir og hagsmunir náttúruverndar geta ekki verið beintengdir hagnaði. Stjórn tekur undir að sanngjörn þjónustugjöld vegna starfssemi eða reksturs innan þjóðgarðs sé eðlilegt að innheimta vegna þeirrar umsýslu sem slíkt krefst.

Að lokum vill stjórn Landvarðafélagsins gagnrýna óljósa greinagerð um samgöngur og samgöngu úrbætur innan þjóðgarðs. Það er vissulega svo að samgöngur heyra undir annað ráðuneyti en Miðhálandisþjóðgarður verður að hafa skýra stefnu þegar kemur að

uppbyggingu samgangna innan þjóðgarðsins. Við viljum því undirstrika mikilvægi þess að takmarka aðgengi að vissum svæðum með fjallvegum og að leggja þurfi áherslu á að byggja upp almenningssamgöngur sem auðvelda yfirsýn, stjórn og upplýsingagjöf til gesta og dregur úr náttúruskemmdum vegna þekkingarleysis eins og utanvega aksturs og átroðningi á viðkvæmum stöðum.

Stjórn Landvarðafélags Íslands